# MINNISBLAÐ

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dagsetning:** | 18.12.24 | **Merking:** | Faxaflóahafnir |
| **Efnisatriði** | Vátryggingaútboð Faxaflóahafna 2025-2027 | | |
| **Höfundur:** | Guðmundur M. Ásgrímsson | | |

## Markmið verkefnis:

Útboð á vátryggingum Faxaflóahafna

## Útboðið:

Útboðsgögn samanstóðu af útboðslýsingu, tilboðsskjali og svörum við fyrirspurnum.
Útboðið var auglýst á TED (EES), útboðsvef og heimasíðu félagsins.
Sjóvá, TM, VÍS og Vörður óskuðu eftir tilboðsgögnunum og öll skiluðu inn tilboðum.

Mat á verðtilboðum/val á samningsaðila

Félagið áskilur sér allan rétt til að taka því boði sem er hagkvæmast að mati félagsins hvað varðar verð og/eða aðra skilmála/valkosti útboðsins.

Eftirfarandi atriði verða höfð til hliðsjónar við mat á fjárhagslega hagkvæmasta tilboði:

*Tilboðsupphæð er fundin út sem summa margfeldis magntalna og viðeigandi einingaverða. Ef margföldunar og/eða samlagningarskekkjur finnast í útfylltu tilboðsskjali, skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölu tilboðs. Aðeins einingaverð eru bindandi.*

Hæsta skor, 100 stig, fæst ef tilboð er með hæsta skor í öllum liðum hér að neðan

**Verð (97,5 stig)**

Mat á verði byggir á eftirfarandi:

Lægsta verð samkvæmt gildu tilboði (upplesna heildartilboðsupphæð samkv. gr. 3.9), fær hæsta 95 stig. Eftir það ræður eftirfarandi reiknilíkan: Stig = (Lægsta verð / boðið verð) x 97,5

**Forvarnarþjónusta (2,5 stig)**

Ef seljandi býður uppá forvarnarþjónustu samkvæmt kafla 5.11 þá gefur það 2,5 stig.

**Mat á verðtilboðum samkvæmt kafla 6.3:**

| | Tilboð | Stig | Forvarnar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Sjóvá** | 27,754,915 | 82.028 | 2.5 | 84.53 |
| **TM** | 23,350,468 | 97.500 | 2.5 | 100.00 |
| **VÍS** | 23,564,069 | 96.616 | 2.5 | 99.12 |
| **Vörður** | 30,191,884 | 75.407 | 2.5 | 77.91 |

## Samantekt:

Lægsta tilboð TM uppfyllir öll skilyrði útboðsins.

**Reykjavík 18.12/2024**

Guðmundur Ásgrímsson